


✉ Re: Leirtjörn vestur, skipulagslýsing - Óskað eftir ábendingu/umsögn

Búið til	25.8.2022 14:44:09
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.8.2022 14:44:08
Tilheyrir	 202207-0031 - Leirtjörn vestur, skipulagslýsing - Óskað eftir ábendingu/umsögn

Efni

Re: Leirtjörn vestur, skipulagslýsing - Óskað eftir ábendingu/umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.8.2022 14:44:08	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill			
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@reykjavik.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202207-0031 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 15. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar við Leirtjörn í Úlfarsárdal.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og gerir ekki sérstakar athugasemdir við hana. Um er að ræða svæði sem er að stórum hluta raskað og/eða með frekar lítið verndargildi. Þar hefur t.d. alaskalúpína breitt mjög úr sér en hún er framandi ágeng plöntutegund og mikilvægt að útbreiðslu hennar sé haldið í skefjum.

Fuglalíf er töluvert á svæðinu m.a. í lúpínunni en það er líklegt til að vera mjög algengar tegundir. Gott væri að taka saman upplýsingar sem eru til um fuglalíf svæðisins. Leirtjörn var árstíðabundin tjörn sem oft þornaði alveg en hefur nú verið minnkuð og er utan deiliskipulagssvæðisins. Stærstur hluti af upprunalegum tjarnarbotni er innan skipulagssvæðis en er í dag moldarbotn sem er að gróa upp og með lítið verndargildi.

Skipulagssvæðið teygir sig í suðvesturhlíðar Úlfarsfells og því mikilvægt að skoðað sé ásýndaáhrif af byggð næst fjallinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Minjavarsla" <minjavarsla@reykjavik.is>; "straeto@straeto.is" <straeto@straeto.is>; "fram@fram.is" <fram@fram.is>; "Íbúasamtök Úlfarsárdals" <ulfarsardalur@outlook.com>; "Íbúaráð Grafarholt og Úlfarsardalur" <ibuarad.grafarholtogulfarsardalur@reykjavik.is>; "heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is" <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>; "Ámundi V Brynjólfsson" <Amundi.V.Brynjolfsson@reykjavik.is>; "Hjalti Jóhannes Guðmundsson" <Hjalti.Johannes.Gudmundsson@reykjavik.is>; "Guðmundur Benedikt Friðriksson" <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>; "sfs" <sfs@reykjavik.is>
CC:
Subject: Leirtjörn vestur, skipulagslýsing - Óskað eftir ábendingu/umsögn
Date: 15.7.2022 09:03:35

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing um tillögu að skipulagslýsingu að nýju deiliskipulagi Leirtjörn vestur, birtist í Fréttablaðinu Þriðjudaginn 19. júlí 2022. Tillagan er í kynningu frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/leirtjorn-vestur> (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2F2021.reykjavik.is%2Fskipulag-i-kynningu%2Fleirtjorn-vestur&data=05%7C01%7CThuridur.Gudmundsdottir%40reykjavik.is%7C9842a8c405764120785808da659f12d7%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637934031124039640%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWlloiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luZmZlLCJBTiI6IjEkaWwWwLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=VvTZ8XIOvrM%2BLZS24H0vZMSOZ37apuTmla2VT9r8eY4%3D&reserved=0>)

Leirtjörn vestur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs 7. júlí 2022 var lögð fram skipulagslýsing, dags. 22. júní 2022, vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar við

Leirtjörn í Úlfarsárdal. Í tillögunni er gert ráð fyrir 2-5 hæða íbúðarbyggð, samfélagsþjónustu og annarri nær þjónustu. Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1.

mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 31. ágúst 2022.

Lýsingin eru aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is (mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is (https://www.reykjavik.is/)

Viðhengi

image001.png (5 KB)